



GEÐHVÖRF

Hallgrímur Hróðmarsson

2022

STUTT KYNNING

Leikritið Geðhvörf fjallar um mann, Andra, sem er haldinn geðhvörfum; hann er samkynhneigður; og hann dreymir innst inni að verða söngvari. Hann er enn að vinna úr láti móður sinnar. Einnig hugleiðir hann sambandið við frænda sinn.

Inn á milli atriða í fyrri og seinni þætti koma stuttir kaflar þar sem Andri minnst atburða úr eigin lífi – endurlit. Áhorfendur kynnast vonum hans og þrám og einnig miklu rugli. Þessir stuttu kaflar skýra á margan hátt hver hann er í dag.

FYRRI ÞÁTTUR

Andri hagar sér vægast sagt undarlega á kaffihúsi. Hann sér sjálfan sig sem ungan dreng, móður sína og tónskáld sem spilar á orgel. Hann er rekinn út af kaffihúsinu og lögreglan fer með hann á geðdeild. Þar ræðir hann við geðlækni og áhorfendur sannfærast um að hann er mjög veikur. Hann hittir Gerðu, hjúkrunarkonu sem reynist honum mjög vel. Hann fer í mikla uppsveiflu; ruglar og hagar sér undarlega. Við lok þáttarins endurlifir hann lát móður sinnar.

SEINNI ÞÁTTUR

Nú er Andri búinn að missa jarðsambandið. Hann hefur lokað sig inni í eigin heimi þar sem hann spilar músík af geislaspilaranum sínum; aðallega með söngvaranum Kazu. Andri skrifar söngvaranum aðdáendabréf og fær svarbréf en það fær hann til að lifa sig enn dýpra inn í eigin heimi. Hann finnur fyrir nærveru Kazu og undir lok þáttarins birtist móðir hans aftur – mild og hlý.

Í leikritinu eru það þrír leikarar sem leika Andra: Andri eldri og Andri yngri svo og Andri lítill drengur og unglingur en þeir eru leiknir af sama leikara. Persónur eru 17. Auðvelt er að láta einn leikara leika tvær eða þrjár þeirra.

Tónlist skipar stóran sess í leikritinu. Ef fólk hefur áhuga á að kynna sér hana er hægt að hafa samband við mig, Hallgrím, í síma 8643896 eða netfangið hallihrod@gmail.com

Þakkir

Ég vil þakka Árna Blandon og Maríu Kristjánsdóttur fyrir góð ráð. Einnig vil ég þakka Hannesi Stefánssyni fyrir prófarkalestur.

PERSÓNUR

Andri – eldri

Andri – yngri

Andri – lítill drengur, unglíngur

Móðir Andra

Tónskáld

Frændi Andra

Geðlæknir

Gerður – starfskona á geðdeild

Perna á kaffihúsi

Gestir á kaffihúsinu

Tveir lögregluþjórnar

Söngvari - nefndur Kazu í handritinu

Matti – sjúklingur á geðdeild

María – sjúklingur á geðdeild

Vinur Andra

Ungur maður

Söngvarinn á leikritinu

*Í leikritinu verður Andri undir lokin gagntekinn af þekktum erlendum söngvara. Ég byggi þarna á eigin reynslu og mínu tilfalli var þetta söngvarinn Yoshikazu Mera. **En að sjálfsgöðu er óþarfi að líkja eftir honum. Finna þarf söngvara sem hentar í leikritið.** Ofurlitlar breytingar þarf að gera á textanum það sem söngvarinn kemur við sögu – kaflar: BRÉFIÐ og SÖNGUR HIMINHNATTANNA*

Til fróðleiks um Yoshikazu Mera – Rödd frá hinnum

Kazu, eins og hann er kallaður af vinum sínum, lagði stund á klassískt tónlistarnám í háskóla og breytti þar úr tenór í kontratenór. Aðalkennari hans í náminu var á móti því vegna þess að hann hafði mjög háa og fallega tenórrödd. Rödd Yoshikazu Mera spannar yfir þrjár og hálfu áttund. Hann hefur áhuga á alls kyns tónlist og hefur getið sér gott orð fyrir japanskan ljóðasöng. Auk klassískrar tónlistar syngur hann jazz, negrasálma, söngva úr söngleikjum og popplög. Einn gagnrýnandi varð svo hrifinn af söng Kazu að hann sagði að rödd hans væri frá hinnum.



ATRÍÐASKRÁ

FYRRI ÞÁTTUR

<i>GRÁTUR</i>	5
1. ATRÍÐI – HRESSÓ	BLAÐSÍÐA 5
<i>SVEITASTELPA</i>	9
2. ATRÍÐI – SAMTAL VIÐ GEÐLÆKNI	BLAÐSÍÐA 10
<i>STRÍÐ</i>	13
<i>AÐ SLÁ Í GEGN</i>	13
3 ATRÍÐI – KONAN KEMUR Í HEIMSÓKN	BLAÐSÍÐA 13
<i>ÞAÐ VISSU ÞAÐ ALLIR</i>	16
<i>GÖMUL KONA</i>	16
4. ATRÍÐI – OFLÆTI	BLAÐSÍÐA 17
5. ATRÍÐI – MÓÐURMISSIR	BLAÐSÍÐA 20
<i>HLÉ</i>	21

SEINNI ÞÁTTUR

<i>MÁLVERK</i>	22
<i>DANSKENNSLA</i>	22
6. ATRÍÐI – KAZU	BLAÐSÍÐA 23
<i>FÖGUR MANNESKJA</i>	24
7. ATRÍÐI – UPPÁKLÆDDUR	BLAÐSÍÐA 25
<i>SLYSASKOT Í PALESTÍNU</i>	26
8. ATRÍÐI – RA-TA-TA-TA	BLAÐSÍÐA 27
9. ATRÍÐI – ÉG ER EKKI EINS OG ÞÚ	BLAÐSÍÐA 29
<i>HVAR ÆTLI' HÚN SÉ?</i>	30
10. ATRÍÐI – BRÉFIÐ	BLAÐSÍÐA 31
<i>SNILLDARHUGMYND</i>	32
11. ATRÍÐI – MIKILVÆG HLUTVERK	BLAÐSÍÐA 33
<i>UPP AF STÓLNUM</i>	36
<i>KALLINN Í KASSANUM</i>	36
12. ATRÍÐI – SÖNGUR HIMINHNATTANNA	BLAÐSÍÐA 37
<i>ENDIR</i>	39
<i>EFTIRMÁLI</i>	40

FYRRI ÞÁTTUR

GRÁTUR

Andri yngri er framarlega fyrir miðju sviðsins. Björt ljóskeila fellur á hann.

ANDRI YNGRI

Hún gaf mér róandi pillu – Valium. Það var í góðum tilgangi gert – annars hefði ég örugglega orðið fjölskyldunni til skammar. Ég er svo meir – það þarf svo lítið til að ég fari að gráta. Þess vegna grét ég ekki við jarðarförina hennar mömmu.

Ég fékk ekki að gráta við jarðarför móður minnar!

Andri gengur út af sviðinu. Ljóskeilan hverfur.

1. ATRIÐI – HRESSÓ

Kaffihús. Ljós kvikna á sviðinu. Til hægri framarlega á því er borð og stóll. Til vinstri aftast á sviðinu stendur þerna kaffihússins við skenkinn. Á skenknum eru bollapör, kaffikönnur og sími. Á miðju sviðinu sitja gestir kaffihússins. Lágvæður kliður heyrir þegar þeir spjalla saman. Til vinstri framarlaga á sviðinu, í hálförökri, er orgel og við það situr eldri kona á orgelstól; við hlið hennar stendur Andri – lítill drengur. Andri yngri kemur inn frá hægri; heldur á ljóðabók í hendinni; hann sest við borðið.

ANDRI ELDRI

Það er gott að setjast hérna. (*Litur út í salinn – út í ímyndaðan garð*). Kaffiilmur í loftinu, notalegt andrúmsloft sem skapast þegar ungt fólk og gamalt hittist til að deila sorgum sínum og gleði; eða bara til að þegja saman. Þeir sem sitja einir við borð koma til að njóta návistar annarra, í leynum. Sumir þeirra eru að upphugsa eilífðarvélina, aðrir vilja fela sig hérna þegar veröldin verður drungaleg og þrúgandi; fá smá yl í kroppinn og sálina. Svo þetta yndislega útsýni til garðsins. Við fylgjumst með árstíðabundnum sveiflum náttúrunnar og mannfólksins. (*Handleikur bókina; strýkur hana mildilega og snýr kilinum upp*). Hrafnamál eftir Þorstein Valdimarsson! Hann var mikill vinur hennar mömmu. (*Horfir til orgelsins*).

MÓÐIRIN OG LITLI DRENGURINN

Þau birtast Andra yngri – en gestir kaffihússins hvorki sjá þau né heyra. Hún spilar með einum putta á orgelið lag eftir Ingunni Bjarnadóttur við þjóðvísuna Krummi krunkar úti. Mild rödd hennar og björt rödd drengsins hljóma saman. Andri eldri tekur undir sönginn.

Krummi krunkar úti
kallar á nafna sinn.
Ég fann höfuð af hrúti
hrygg og gæruskinn.
Komdu nú og
kroppaðu með mér,
krummi nafni minn.
Komdu nú og
kroppaðu með mér
krummi nafni minn.

ANDRI ELDRI

Hann drap ekki hrútinn. Hann fann bara hræið! Þetta var landhreinsun. Það kemur svo vond lykt þegar kjöt úldnar. (*Gestirnir hrökkva við og líta á hann*).

Athugull flettir hann bókinni og staldrar við eitt og eitt kvæði.

Gefur þernunni merki. Hún færir honum kaffikönnu og bollapar og hellir í bollann.

Mikið ertu snör í snúningum, elskan.

ÞERNAN

Við reynum að láta gestunum líða vel; fljót og góð afgreiðsla er alveg nauðsynleg.

ANDRI ELDRI

(*Sýpur á kaffinu*). Uhm. Og þetta líka indæla kaffi, sterkt og bragðgott. Áttu þér ástvin?

ÞERNAN

Ástvin? Mei-, mei-, meinarðu svona kærasta? Nei, ég á engan kærasta.

ANDRI ELDRI

Hva? Eru piltarnir nú til dags hættir að horfa á stúlkur? Já, allir í tölvuleikjum, heh, heh, heh. En geturðu þá ekki bara snúið þér að stúlkunum?

ÞERNAN

Ég er sko engin lessa!

ANDRI ELDRI

Nú, ansans vandræði! (*Þernan gengur snúðug frá borðinu*).

Snýr sér aftur að bókinni, flettir henni og staldrar við ákveðið ljóð.

Heimspeki!

Margur hefur hrópað sig

magnþrota og spurt:

Hvaðan

og hvurt?

En bægt úr huga sér öðru,

sem brýnni spurning var:

Hvenær

og hvar?

Og nærtækara er svarið

en nokkur vænti sér:

Nú

og hér!

Það er bara svo erfitt að ...

Gestirnir eru aftur þagnaðir og horfa undrandi á hann.

Einn gestanna kallar þernuna til sín; bendir reiðilega á Andra. Hún kinkar kolli. Andri flettir varlega áfram og les:

Hrafnamál!

Heyrði' eg um nótt í holtið eitt,

hvar mál á góma bar;

fátt er þó geymt í minni mér,
sem talað var.

Hrafnar voru á þingi.

Saman komu þar ráð og dæmi
margs ofar mold og undir,
féllu ýms á líkan stað
og fæst á ljúfar lundir.
Dreyra sár og svíða.

(Flettir hugsandi einni síðu).

Þau ein brugga þeir fremdarráð
er voðinn af stendur.

– Lýður er felldur í fjötra gulls
og land í hers hendur.

Þjóðin sem geymir Hávamál
má stafkarls stigu rata.

– Reis ei sól fyrr en runnin var
og frelsinu þreyða glatað.

(Þernan kemur að borðinu til hans, hann lítur á hana). Af hverju gerir hann hrafninum þetta? Hann er ekki svikull, þó hann sé svartur! Hann myndi aldrei selja landið okkar og frelsi fyrir gull!

ÞERNAN

Gestirnir eru farnir að kvarta yfir þér.

ANDRI ELDRI

Henni mömmu þótti svo undur vænt um hrafninn. Hún gaf honum alltaf þegar veturinn var harður.

ÞERNAN

Þú hefur alltof hátt!

ANDRI ELDRI

Góða mín. Til þess að njóta ljóða til fullnustu þarf að láta þau hljóma.

Þernan hristir höfuðið, fórnar höndum og gengur til mannsins sem hafði kvartað.

Tónskáldið kemur inn. Móðirin stendur upp og faðmar hann, hann kyssir hana á vangann og klappar á koll drengsins. Eins og áður eru þau einungis sýnileg Andra eldri.

TÓNSKÁLDIÐ

Ég mátti til með að færa þér raddsetninguna mína á honum Krumma.

MÓÐIRIN

Þú kemur alltaf færandi hendi. Að þú skulir gefa þér tíma til að nostra við litlu lögin mín.

TÓNSKÁLDIÐ

Elskan mín! Það er sem þú hafir hlotið í vöggugjöf, syngjandi arf – ótalmargra, undangenginna kynslóða.

MÓÐIRIN

Hvernig þú talar?

TÓNSKÁLDIÐ

Þú bara syngur eftir hjartans lögmáli.

Tónskáldið sest við orgelið og spilar raddsetningu Hallgríms Helgasonar af Krummi krunkar úti. Tónskáldið, móðirin og litli drengurinn syngja lagið hófstíllt. En Andri tekur undir fullum hálsi.

ÞERNAN

(Kemur að borðinu hjá Andra). Þú verður að hætta með þennan hávaða!

ANDRI ELDRI

Hvað segirðu? Má ekki syngja hérna? Hvers konar skítakaffihús er þetta?

ÞERNAN

Svo á að fara að loka.

ANDRI ELDRI

Hvað? Á ég bara að hypja mig? Þetta er ekki forsvaranlegt! Ég er ekki búinn með bókina! Skilurðu ekkert stelpuskömm. Ég fer ekki fet.

ÞERNAN

Ég verð þá að láta fjarlægja þig. *(Gengur að skenknum og hringir).*

GESTUR 1

(Stendur nú upp og steytir hnefann reiðilega í átt að Andra). Konan mín og ég erum að halda upp á brúðkaupsafmælið okkar.

ANDRI ELDRI

Brúðkaupsafmæli – þá er við hæfi að ég syngi fyrir ykkur. Ég er næstum útlærður einsöngvari; þarf bara að læra að spila á píanó. Óforskammað – að það sé ekki nóg að kunna að spila á göfugasta hljóðfæri veraldarinnar – röddina.

GESTUR 1

Söngur – þetta gaul! Þú ert nú eins og breimaköttur. Og svo þetta ljóðabull. Nei, takk fyrir, þú ert alveg búinn að eyðileggja afmælið okkar!

ANDRI ELDRI

Veistu ekki að það er enginn maður með mönnum nema hann hafi migið í saltann sjó eða lesið heila ljóðabók spjaldanna á milli.

GESTUR 2

Farðu þá og mígðu í saltan sjó. Þú getur tekið bókina með þér og migið á hana líka.

ANDRI ELDRI

Ég er sjóveikur!

GESTUR 3

Það er svo sem auðvitað að svona aumingi eins og þú verðir sjóveikur.

ANDRI ELDRI

Snýr sér aftur að bókinni; heldur áfram lestrinum.

Harmi lostin þreyr hnýpin þjóð;
ljóð daprast; deyr vonar bjarmi.
Bjarmi vonar deyr; daprast ljóð;
þjóð hnýpin þreyr, lostin harmi.

Sírenuvæl og blikkandi, blá ljós. Tveir lögregluþjórnar koma inn frá hægri aftast á sviðinu og þernan fylgir þeim til Andra.

LÖGREGLUÞJÓNN 1

Þú verður að koma með okkur!

ANDRI ELDRI

Ég er að lesa ljóð fyrir hjón sem eiga brúðkaupsafmæli!

Lögregluþjórnarnir neyða hann upp af stólnum. Hann streitist á móti. Þeir snúa hann harkalega niður í gólfíð og handjárnna hann.

Helvítis löggubullur! Setjið heiðvirðan borgara í járn. Mann sem er að lesa ljóð og syngja! Andskotans fautarnir ykkar! Það er þá satt sem allir segja; þið berjið fólk og beitið alskyns fólksbrögðum!

LÖGREGLUÞJÓNN 2

Svona, komdu með okkur annars verðum við að setja þig í spennitreygju.

ANDRI ELDRI

Þetta fer sko í fjölmiðla! (*Sírenuvælið hættir en bláa ljósið heldur áfram að blikka*). Hún mamma sagði: „Hrafninn er hafður fyrir rangri sök, að hann sé þjófur og flug hans í kringum kirkjuturna boði váleg tíðindi“. Þetta er ekki satt því hann er ekki að stela; hann geymir bara hluti sem fólk hefur týnt. Og hver hefði svo sem ekki gaman af því að fljúga í kringum kirkjuturn, ef hann gæti flogið? Hefðuð þið ekki gaman af því, löggubjálfar?

Ljósið á sviðinu dofna; bláa ljósið helst og sírenuvælið tekur við af fullum krafti.

SVEITASTELPA

Frændinn og Andri – unglundur sitja við borð til hliðar á sviðinu. Frændinn skoðar einkunnabók Andra.

FRÆNDINN

Aftur varð þessi sveitapjása hæst í bekknum. Hefurðu engan metnað?

ANDRI – UNGLINGUR

Ég reyn – reyndi – lærði gras – grasfræðina, landfræðina, dýrafræðina og bibl – biblíu – biblíusögurnar utan að eins og þú sagir mér.

FRÆNDINN

Já – enda fékkstu 10 í þeim greinum. Það er leikfimin sem dregur þig niður. Að stelpa með svona stóran rass sé góð í leikfimi – það er sko bara fáránlegt!

ANDRI – UNGLINGUR

Hann – hann er nú bara sætur.

FRÆNDINN

Huh, þykist þú vera kominn með hvolpavit. Við verðum að redda þessu. Ég fæ læknisvottorð handa þér. Það er vonlaust að vera í leikfimi þegar þú sérð svona illa.

ANDRI – UNGLINGUR

Ég þarf bara að nota gleraugu til að lesa. Ég sé alveg hestinn – ég get bara ekki hoppað yfir hann – enn þá.

FRÆNDINN

Það er bara út af sjóninni. Það getur hver heilvita maður hoppað yfir hest.

ANDRI - UNGLINGUR

En é – ég ga – gat klifrað upp undir loft í rimlunum í gær.

FRÆNDINN

Þú ert bara lélegur í íþróttum – enda algjör rengla!

2. ATRIÐI – SAMTAL VIÐ GEÐLÆKNI

Skrifstofa geðlæknisins. Skrifborð og veglegur skrifborðsstóll eru upp við tjöldin hægra megin. Geðlæknirinn situr á skrifborðsstólum en Andri á pinnastól framan við borðið.

ANDRI ELDRI

Heyrðu, ég þekki þig. Hvar hef ég séð þig áður?

GEÐLÆKNIRINN

Við höfum nú ekki hist áður. En þú hefur kannski séð myndir af mér í blöðunum. Ég er þekktur fyrir góða pistla í þeim.

ANDRI ELDRI

Hending – bróðir minn heitir líka Hrafn.

GEÐLÆKNIRINN

Af hverju var hann einnig skírður Hrafn?

ANDRI ELDRI

Hending – mömmu dreymdi Óttar svarta nóttina áður en hún fékk léttasóttina.

GEÐLÆKNIRINN

Var hún berdreymin?

ANDRI ELDRI

(Sýnir lækninum úlnliðina). Sérðu hvernig löggurnar fóru með mig?

GEÐLÆKNIRINN

Veistu af hverju þú ert hér?

ANDRI ELDRI

Geturðu kysst á bágtið? Mamma gerði það alltaf.

GEÐLÆKNIRINN

Ekki nema sjálfsagt. Ég get líka sprittað það og plástrað ef þú vilt.

ANDRI ELDRI

Lærðirðu það í háskólanum? Hending – að hitta svona kláran lækni – að þú skulir hafa tekið svona vel eftir í tímum.

GEÐLÆKNIRINN

(Kyskir á bágtið, sprittar það og setur plástur á). Kyssið, plástrið og sprittið – það lærði ég nú af henni mömmu. Hún var sómakona. En hvernig byrjaði þetta hjá þér í kvöld?

ANDRI ELDRI

Lærðuð þið líka á sloppa í háskólanum?

GEÐLÆKNIRINN

Sloppar eru til margs nýtilegir.

ANDRI ELDRI

En hamra og hárkollur?

GEÐLÆKNIRINN

Ja – stundum þurfum við að hamra. Og hárkollur – ja – þær eru mjög gagnlegar fyrir ákveðna tegund sjúklunga.

ANDRI ELDRI

Þetta er bara skynsemi, hrein og klár skynsemi. Í skólanum mínum fyrir vestan er skólameistari sem er gjörsamlega sneyddur skynsemi. Ég klæddi mig einu sinni í hlýja sloppinn sem hún systir mín gaf mér; setti upp hárkolluna hennar mömmu og greip hamarinn með mér út í skóla. Ég lét ekki svipinn á þeim á kaffistofunni aftra mér – skelti í mig einum brennheitum kaffibolla; fór svo beint niður í stofuna mína; gekk að steinsúlu í henni miðri og negldi nagla í hana í eins og hálf meters hæð!

GEÐLÆKNIRINN

Nagla í steinsúluna?

ANDRI ELDRI

Það er alltaf svo kalt í stofunni minni og því er gott að hafa slopp við hendina.

GEÐLÆKNIRINN

Nagli í steinsúlu? Þú hefðir getað meitt þig.

ANDRI ELDRI

Galvaníseruð fimmtomma – mjög auðveld í meðförum.

GEÐLÆKNIRINN

En kollan?

ANDRI ELDRI

Mega karlmenn ekki nota kollur? Lærið þið ekkert um jafnrétti í læknisnáminu?

GEÐLÆKNIRINN

Uuh, við verðum nú að koma okkur að efninu. Hvað gerðist þarna á kaffihúsinu?

ANDRI ELDRI

Meinarðu áður en löggan tók mig; handjárnaði, snéri mig niður í gólfið og hrinti mér inn í löggubílinn? Ég var bara að lesa ljóð og syngja lag eftir hana mömmu – Krummi krunkar úti.

GEÐLÆKNIRINN

Lag eftir mömmu þína?

ANDRI ELDRI

Já – ég – tíu ára snáðinn – stóð við hliðina á orgelinu og söng með henni mömmu. Ég varð svo hrifinn að ég bara tók undir með þeim.

GEÐLÆKNIRINN

(Litur á pappíra á borðinu). Hér stendur að þú hafir setið einn við borð.

ANDRI ELDRI

Það lá að. Skýrsla frá lögguhálfvitum er einskis virði.

GEÐLÆKNIRINN

En þernan á kaffihúsinu sagði líka að þú hefðir setið einn við borð.

ANDRI ELDRI

Stúlkan sem færði mér kaffið var eitthvað stressuð; vildi komast heim. Það var ósköp skrýtið því hún á sér engan ástvin.

Gerða kemur inn á skrifstofuna.

GEÐLÆKNIRINN

Engan ástvin – það er sorglegt. En við verðum að hætta í bili – hún Gerða ætlar að fylgja þér inn á herbergi.

ANDRI ELDRI

Nei, það er alger óþarfi. Þú bjóst svo vel um sárið að það verður gróið á morgun.

GERÐA

Þú hefur gott af því að dvelja hjá okkur í nokkra daga. Það er alltaf gott að staldra við og hvíla sig. Þú munt kynnast mörgu góðu fólki og ég verð þér innan handar. Svo spjallar læknirinn við þig af og til.

ANDRI ELDRI

Á bara að loka mig inni hérna? Hvað með löggubullurnar; á ekki að leggja þær inn? Þær hefðu nú gott af smá hvíld og spjalli við þennan gáfaða lækni.

Ljós á sviðinu deyr út.

STRÍÐ

Eldri Andri og sá yngri standa hlið við hlið fyrir miðju sviðsins. Þeir syngja með fimmundasöng ljóðið Stríð eftir Ara Jósefsson; lag Ísland farsælda Frón. Að mínu mati á að syngja ljóðið í mildum og angurværum blæ.

ANDRI ELDRI OG ANDRI YNGRI

STRÍÐ

Undarlegir eru menn
sem ráða yfir þjóðum.
Þeir berjast fyrir föðurland
eða fyrir hugsjón
og drepa okkur
sem eigum ekkert föðurland
nema jörðina
enga hugsjón nema lífið.

Andri eldri gengur út af sviðinu.

AÐ SLÁ Í GEGN

ANDRI YNGRI

Mikið asskoti var þetta gott. Ég slæ sko örugglega í gegn. Mig hefur alltaf langað til að verða stórsöngvari. Og besta leiðin til þess er fagur söngur blandaður forni íslenskri músíkhefð. Þá nær maður til allra hjartanna í nágrenninu og þó víðar væri leitað.

3. ATRIÐI – KONAN KEMUR Í HEIMSÓKN

Herbergi Andra. Járnrúm með sængurfötum; kollur og borð með CD-spilara, og nokkrum CD-diskum; A4 blöð og skriffæri. Kona Andra, Eygló, kemur inn í herbergið. Hún færir honum plastöskju með kexi og súkkulaði svo og inniskó. Einnig lætur hún hann hafa flösku sem klædd er í hvítan ullarsokk.

ANDRI ELDRI

Ertu komin til mín, elskan? Sestu hérna, yndið mitt! Þú kemur færandi hendi!

EYGLÓ

Já, hérna er kexið og súkkulaðið sem þér þykir svo gott. Og vantar þig ekki inniskó?

ANDRI ELDRI

Þú ert bara eins og hún mamma! Hún sendi mér alltaf nesti og nýja skó þegar ég var í Reykholti. Ég varð vinsælasti strákurinn á vistinni; gaf öllum af nestinu. Það fylgdu reyndar engir skór – bara hlýir sokkar – handprjónaðir með svona fallelegri rönd efst. En hvað er í þessum sokk?

EYGLÓ

Flaska. Ekkert vera að opna hana núna. Þú getur gert það ef þér verður kalt. Láttu bara engan sjá hana.

ANDRI ELDRI

Ég sagði nú við lækinn að ég þyrfti ekkert á innlögn að halda.

EYGLÓ

Elskan mín, þú veist að þegar þú verður svona ör þá þarftu að fá fullan svefn. Ég frétti að þú hefðir verið með einhver læti á Hressó. En mér krossbrá þegar ...

Síminn í vasa Eyglóar hringir. Hún tekur hann upp. Ljós á Andra dofna en björt ljóskeila fellur á geðlæknirinn.

GEÐLÆKNIRINN

... ert þú kona mannsins?

EYGLÓ

Kom eitthvað fyrir? Ég hélt að hann væri í öruggum höndum hjá ykkur!

GEÐLÆKNIRINN

Ég hringdi nú bara til að segja þér að ég hef aldrei hitt jafn vitlausan mann á minni lífsfæddri ævi.

EYGLÓ

Kanntu ekki á klukku?

GEÐLÆKNIRINN

Maður lærir nú á klukku í barnaskóla, reyndar kenndi mamma mér það löngu fyrr. Ég held ...

EYGLÓ

... ég á mjög erfitt með svefn!

GEÐLÆKNIRINN

Þá er nú eins gott að þú hefur lækni á línunni. Mér er það í lófa lagið að skrifa upp á lyfseðil fyrir þig.

EYGLÓ

Ég gleypsti heila lúku af svefnlyfjum í gærkvöldi!

GEÐLÆKNIRINN

Er það nú ekki heldur mikið?

EYGLÓ

Ert þú fær um að meta það!

GEÐLÆKNIRINN

Ertu rauðhærð?

Ljóskeilan á geðlækninum út og ljóskeilan á Andra eldri birtist aftur.

ANDRI ELDRI

Það er nú ekki nema von að hann spyrði, elskan mín. Þú ert svo falleg þegar þú reiðist. Rauða hárið glóir og freknurnar verða dökkbrúnar.

EYGLÓ

Æ, þú ert svo stríðinn.

ANDRI ELDRI

Ég hef reyndar miklar áhyggjur af þessum lækni. Hann ruglar bara um að kyssa á bágtið, spritta það og plástra. Þú hefur sem sagt látið hann heyra hvar Davíð keypti ölið?

EYGLÓ

Hvernig líður þér? Hvernig er starfsfólkið? Er mikið af snarklikkuðu fólki hérna. Þú verður að passa þig, Andri minn.

ANDRI ELDRI

Ég kynntist skákmeistara, hann er hérna í næsta herbergi. Ég tefldi við hann. Hann er dökkhærður með sítt, slétt hár. Hann lék sér að mér – við dönsuðum fallegan – frekar stuttan ballett á taflborðinu – og svo mátaði hann mig. Hann hló og hló – næstum allan tímann – inni í sér – og líka upphátt. Gaman, gaman – fljúgandi gaman – ekkert offors – engin gredda nema bara rétt í byrjun – svo bara hrein og tær fullnæging.

EYGLÓ

Gredda – fullnæging – hvað meinarðu?

ANDRI ELDRI

Bara svona gredda eins og þegar maður verður æstur. Og svo fylgir henni oft svona sþlass. Algjör sæla.

EYGLÓ

Þú sagðir mér, þegar við fórum að vera saman að þú hefðir einstaka sinnum farið í bólið með strákum eða ungum mönnum. En þú sagðir jafnframt að það hefði bara verið til að fá ofurlitla hlýju; til að sigrast á einmanaleikanum.

ANDRI ELDRI

Það er alveg rétt. Þegar tvær manneskjur ná að sameinast þá eru þær ekki jafn einmana. Danskur rithöfundur Cristian Kampmann skrifaði bók um þetta. Hann var hommi og elskhugi hans drap hann af því að hann hélt fram hjá með öðrum rithöfundum sem líka var hommi. Bókin heitir Ensomhed og Tosomhed. Meginstefið er það, að manneskjan er alltaf ein hvort sem hún er ein eða í sambandi.

EYGLÓ

Ert þú þá einn í sambandinu okkar?

ANDRI ELDRI

Æ, ég ætlaði ekki að særa þig, elskan. Okkar samband er allt öðruvísi. Þegar við tókum saman þá fékk ég – eina með öllu. Fallega, skapstóra konu og henni fylgdu tvær fósturdætur hvor annarri ljúfari. Ég er mjög hrifinn af tröllskessum í álfakroppum.

EYGLÓ

Er ég tröllskessa í álfakroppi?

ANDRI ELDRI

Ja, svo ertu afburða matselja – uhh – á sunnudögum og helgidögum. Og fjarska góð fóstra, eins og sést á dætrunum, svo fallegar, elskulegar og siðprúðar.

EYGLÓ

Jæja, þarftu nú ekki að fara að leggja þig, Andri minn?

ÞAÐ VISSU ÞAÐ ALLIR

Andri eldri situr vinstra megin á sviðinu. Björt ljóskeila er á honum en annars myrkur á sviðinu.

ANDRI ELDRI

--- Stúlkurnar sem ég reyndi við brostu blíðlegu og skilningsríku brosi. Það var eins og í augnaráði þeirra væru einhver leynd skilaboð.

--- Í biðröðinni sem myndaðist oft fyrir framan miðasöluna í Laugarásbíói þrýsti strákurinn fyrir aftan mig sér upp að mér – með hann beinstífan – ég hrökklaðist frá.

--- Öðru sinni sat ég á aftasta bekk í kvikmyndahúsi; strákur við vinstri hlið mína fór að gæla við fót minn með sínum fæti; ég varð skelfingu lostinn; sá ekkert hver þetta var enda sé ég ekkert með vinstra auganu. Þegar myndinni lauk forðaði ég mér hið snarasta út.

--- Sumir strákarnir, nemendur mínir, brostu oft til mín í laumi. Eitt sinn þegar ég var að ljúka kennslu setti einn þeirra vottorð frá Landspítalanum á kennaraborðið. Hann var með sítt liðað hár og virkilega krúttlegur. Ég var seinn til og náði því ekki að koma vottorðinu til hans aftur. Á því var það staðfest að hann hefði reynst neikvæður í AIDS testi. Hvað þýðir þetta annars að vera neikvæður eða jákvæður í svona testi?

--- Þar sem ég gekk eftir göngunum í skólanum brostu margir strákanna til mín; bítlahár, falleg augu; grannir og vel vaxnir; og þessir búttuðu – þeir voru ekki svo slæmir. Eitt sinn heyrði ég að einn þeirra hvíslaði að vini sínum: „Ætli’ann sé í samtökunum?“ Ég varð heldur betur hreykinn – það sást sem sagt að ég var í Samtökum hernámsandstæðinga.

--- Ég missti einstöku sinnum taktinn – á fimmta glasi eða svo – reyndi við strák og strák. En það var segin saga að ég hitti oftast en ekki á strák sem leit á mig fyrir litningaraugum og sagði: „Ertu hommi?“ Ég varð mjög fúll, en daginn eftir varð ég ósköp feginn – enda var ég enginn hommi – ég var bara svona fullur.

GÖMUL KONA

ANDRI YNGRI

Hún mamma er gömul kona með hárkollu og gengur við staf. Ég forðast að láta sjá mig með henni á mannamótum.

4. ATRIÐI – OFLÆTI

Andri eldri er í herbergi sínu á geðdeildinni. Andri yngri er framarlega til hægri á sviðinu. Bjartar ljóskeilur eru á þeim báðum. Erfitt er að greina hvor er í meiri uppsveiflu.

ANDRI ELDRI

Guð – hvað ég missti marga sénsa - áður en ég vissi hver ég var.

ANDRI YNGRI

Hver varstu?

ANDRI ELDRI

Það hringsnýst allt. Þau segja hér að ég hugsi of hratt – og ég sem er rétt farinn að hugsa! Sitji guðs englar saman í kringum sængina mína. Þessi strákur hér á ská á móti – ruglar mig. Mig langar til að hann verði fóstursonur minn.

ANDRI YNGRI

Þú hefur aldrei elskað það sem var við bæjarþústina hjá þér – bara þetta í fjarskanum – er það ekki satt? Ég bý með lítilli stúlku – ég elska hana. Nú er hún að æfa sig á fiðlu.

ANDRI ELDRI

Það er satt ég elska hana eins og foss – eins og heill karlakórsfoss – eða bara – foss! Svo elska ég þá dökkhærðu. Í fyrstu elskaði hún mig ekkert á móti – en loks brostu augun hennar til mín og við urðum vinir. Þessi rauðhærða er dularfyllt – samt hélt ég að hún væri sú eina sem ég þekkti. Kannski af því að ég hef elskað hana um ár og aldir?

ANDRI YNGRI

Ég elska þær eins og foss – líka eins og kliðandi lækur sem liðast niður hlíðina – sprænir stundum – en kliðandi, iðandi rennur hann svo í ótal hlykkjum niður til moldar. Já, moldarbarn. Hvert ætlarðu? Viltu fara í djúpið – eða viltu kannski bara sjá sólina?

ANDRI ELDRI

Það var ekki ætlun mín að rugla þig í ríminu! Því þó þetta sé ruglað þá er það svo gaman og fræðandi.

Er verkfall? Ég veit ekki betur en að allir séu í fullu starfi – þetta átti að vera hin mesta blessun – ekki bara fyrir fáa útvalda. Af hverju langar mann til að eignast son? Það er helvítis kjaftæði. Gróusaga, sem komið er af stað, til að gera einn sterkan en annan veikan.

ANDRI YNGRI

Sá sterki er ekki sterkur – ef hann vantar mýktina.

ANDRI ELDRI

Fyrirgefið að ég er að halda fyrirlestur um þetta – ég er bara svo reynslulaus – ætli ég sé kannski á námsskeiði í heimspeki fyrir börn? Sá veikari – ég þekki hann ekki – eða er ég sá veikari? Af hverju efast maður um allt?

ANDRI YNGRI

Kunna augnlæknar eitthvað til verka – eru þeir komnir svona langt? Augnlækningar eru jú ævafornar – ekki satt? En það skiptir engu máli – þetta er allt tilbúningur. Tilveran er fallett og ilmandi kaffiboð þar sem allir eru góðir hver við annan. Svo ákveða nokkrir menn að fara í leik og fylla loftið af gróusögum. Hvernig við tökum á þeim – það er vísdómurinn.

ANDRI ELDRI

Ég veit að þetta er fátækleg skýring – ég er einungis að reyna að bregðast við því áreiti sem ég hef orðið fyrir – skilja það. Það virðist engu máli skipta hver sannleikurinn er.

ANDRI YNGRI

Hvernig eigum við að læra af sögunni þegar sagan er einungis fallett og ilmandi kaffiboð?

ANDRI ELDRI

Jarðbundinn, samt ekki laus frá draumum. Kannski bíður hamingjan við næsta horn. Jarðbundinn; jarðbundnir draumar. Hlý hönd – hlý, útrétt hönd. Hún þarf ekki að færa mig til æskuáranna. Þau eru ekki lengur mín, þótt mig langi til þess. Hlý hönd – hlý, útrétt hönd.

ANDRI YNGRI

Ég horfi á kvikmyndir heima í stofunni minni – les Harry Potter – fjórðu bókina á ensku. Mér leiðist ekki þegar ég er einn; ég hef líka stuðning frá Harry. En tárin streyma þegar ég horfi á myndirnar – hvort sem leikararnir upplifa sorg eða gleði – það hellist yfir. Ég þarf að vinna í þessu – hætta að gráta þegar ég horfi á kvikmyndir.

ANDRI ELDRI

Af hverju er ekki asískur elskhugi hérna hjá mér? Næ ég aldrei sambandi? Er ekki nóg að þrá hann? Hvernig á ég að breyta mér? Hvar ertu litli asíubúi? Ertu til? Hvað gerirðu, ha, ertu músíkant?

ANDRI YNGRI

Vinkona mín spáði einu sinni fyrir mér. Hún las í Tarot-spil – ég dró Stafakónginn, konung bikaranna og Elskendurna. Stafakónginum mun ég kynnast en hann er mjög listrænn og leikur á hörpu. Konungur bikaranna, það er ég – ástrík og gefandi persóna.

ANDRI ELDRI

Ég hafði ofurlitlar áhyggjur af Elskendaspilinu – það sýnir nakinn mann og *allsbera* konu í faðmlögum. Ég þarf að kaupa mér Tarot-spil fyrir homma. Þú, músíkant viltu hlusta á söng minn eða – á ég að halda honum fyrir mig einan?

ANDRI YNGRI

Ertu hættur að syngja næturgali? Þú fagri fugl – hvað ég vildi fá að snerta þig, bara ofurlitla stund. Rödd þín snertir mig, umvefur mig – svo angurvær – svo blíð. Ert þú lykillinn að helgidómum alheims? Hver er lykillinn að þér? Er það væntumþykja, trygglyndi, umhyggja, ástríða, virðing, þrá og ástin eina?

ANDRI ELDRI

Af hverju set ég mér alltaf svona stór og fjarlæg markmið? Markmið – draumar, já líklega. Draumur sem er dæmdur úr leik til eilífðar – eilífur draumur – eilífðardraumur. Hvenær

vaknar maður af draumi um draum? Ég verð að læra að stjórna draumum mínum. Ætli ég geti orðið fallegur engill eins og þú, næturgali?

ANDRI YNGRI

Er peysa hluti manneskjunnar? Það hefur flökrað að mér áður – almynd – ef peysa er hluti af manneskju þá er hægt að skapa almynd hennar úr bylgjunum frá peysunni. Og þá hvaða manneskju? Þeirrar sem þrjónaði hana; þeirrar sem gaf hana eða þeirrar sem á hana?

ANDRI ELDRI

Ég held – ég ítreka – ég held að ég sé almynd. Lífið er dularfull skepna! Lífið er val! Uppfylltur draumur veldur alltaf vonbrigðum! Andstæða trausts er ekki vantraust – það er óttinn! Stundum er allt sem þú þarft – staður sem bíður!

ANDRI YNGRI

Nú missi ég af Töfraflautunni eftir Mozart með fósturdóttur minni. Mér finnst það allt í lagi. Ég sendi íðilfagran yngissvein – skólhærðan og allan bungandi á réttum stöðum með henni. Hann á að verða fóstursonur minn.

En þetta eru allt of margar óskir til að rætast?

ANDRI ELDRI

Ég sjálfur var ýmist eld-, eldgamall eða ungur að nýju – ég vil frekar vera ungur. En þá byrjaði allt að snúast. Ungur – með allt lífið fram undan.

ANDRI YNGRI

Klár eins og allt þetta unga, glaða og fallega fólk sem ég umgengst.

ANDRI ELDRI

Ungur – ekki eins og þegar ég var ungur – þegar drunginn hvíldi yfir. Nei, engan drunga – bara svona klárheit.

ANDRI YNGRI

Hvers vegna er þeim gefið svona miklu, miklu meira en mér – að jafnvel í erfiðleikum eru þau falleg.

ANDRI ELDRI

Gamall – þegar maður er útbrunninn – þá kemur enginn og klappar manni á öxlina og segir: „Mikið djöfull var þetta gott hjá þér“. Nei, það kemur enginn.

Hrafnar voru á þingi – á því lúsapíngi. Þeir sögðu: „Krunk, krunk, krá“ og hættu svo öllu pípi. Öllu lúsapípi.

Ég get öðlast alla visku heimsins og komist með snilldarheitum yfir móðuna miklu og haldið lífi samt. Og það verður sko ekkert smáræðis líf. Ég ætla að snúa á þá alla. Ég ætla ekki að verða gamall; ætla að verða ungur á ný – fallegur, ungur strákur – fallegur, ungur maður.

ANDRI YNGRI

Jafnvel útvarpið og TV-ið tala til mín á sérstakan hátt; einstakan hátt eða þannig! Ég skil öll tungumál heimsins – les úr látæði og framsögn leikaranna.

ANDRI ELDRI

Ég hélt að ég stýrði þessu öllu – en vinur minn! Ó, nei! Það var sko verið að flytja mig á geðdeildina aftur. Til hvers? Jú, til að lækna þig af stórmennskubrjálæði! Hvað er verið að sannfæra mig um – framhaldslíf – eða kannski kórferðalag – eða er það fossniður í grárri pípulögn? Þar hittirðu naglann á höfuðið – minn kæri – í öll skiptin eins og ævinlega er um slíka menn.

ANDRI YNGRI.

Þeir hoppa og syngja eftir pípu meistarans – eða þannig! Fjörugir og sprellandi – og ekkert fær þá aðskilið nema dauðinn – og hann aðskilur þá ekki – því þeir deyja sinn í hvoru lagi – og sameinast svo á einni stjörnu; örsmárri stjörnu – þarna uppi í háloftunum – tólf tóna stjörnu – eða þannig – stjörnu sem allt skilur.

Andstæða trausts er ekki vantraust – það er óttinn!

5. ATRIÐI – MÓÐURMISSIR

Andri eldri og Gerða í herbergi hans á geðdeildinni. Björt ljóskeila fellur á þau.

ANDRI ELDRI

Af hverju settist ég aldrei hjá þér í rólegheitum?

GERÐA

Hér eru pillurnar þínar, Andri.

ANDRI ELDRI

Af hverju settist ég aldrei hjá henni?

GERÐA

Taktu nú lyfin þín, Andri minn.

Hinu megin á sviðinu krýpur Andri yngri við dánarbeð móður sinnar.

Lagið Haustvísur til Maríu eftir Ingunni Bjarnadóttur hljómar lágt. Ljóðið er eftir Einar Ólaf Sveinsson og raddsetningin eftir Smára Ólason. Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsóknar hefur flutt þetta lag með prýði.

María, ljáðu mér möttul þinn,
mæðir hretið skjá;
tekur mig að kala á kinn,
kuldi smýgur í hjartað inn;
mér væri skjól að möttlinum þínum hlýja,
mér væri skjól að möttlinum þínum hlýja.

María ljáðu mér möttul þinn,
mærin heiðis sala;
að mér sækir eldur inn,
yfir steypist reykurinn;
mér væri þörf á möttlinum þínum svala,
mér væri skjól að möttlinum þínum svala.

Þegar mér sígur svefn á brá

síðastur alls í heimi,
möttulinn minn mjúkan þá.
Móðir, breiddu mig ofaná,
svo sofi ég vært og ekkert illt mig dreymi,
svo sofi ég vært og ekkert illt mig dreymi.

[Meta þarf hvort erindin þrjú eru sungin. Það tekur 3 mínútur].

Ljós á móðurinni og Andra yngri styrkist en ljós á Andra eldri og starfskonunni dofnar.

ANDRI YNGRI

Það er svo margt sem við eigum eftir að ræða, mamma! Hvers vegna settist ég aldrei hjá þér í rólegheitum og talaði við þig? Af hverju spurði ég ekki um æsku þína í torfbænum; hvernig það var að vera elsta systirin í stórum barnahópi; hvernig fyrstu árin þín í kaupavinnu voru; hvernig fyrra hjónabandið var, þar sem þú fæddir elstu systkini mín; hvernig fyrstu árin í skáldaþorpinu voru? Hvers vegna settist ég aldrei hjá þér, mamma? (*Hjúfrar sig upp að móður sinni*).

Ljós á móðurinni og Andra yngri dofnar aftur. En ljós á Andra eldri og starfskonunni styrkist.

GERÐA

Maður hugsar gjarnan að það sé nægur tími. En móðir þín vissi að þú elskaðir hana. Það var henni nóg. Það var hennar gleði og styrkur.

ANDRI ELDRI

Það eru svo margar daprar og drungalegar minningar. Ég hefði getað verið svo miklu, miklu skilningsríkari og betri við hana. Af hverju settist ég aldrei hjá þér, mamma?

Andri hjúfrar sig upp að starfskonunni og grætur.

HLÉ

SEINNI ÞÁTTUR

MÁLVERK

ANDRI YNGRI

Ég á málverk sem mér þykir mjög vænt um; sirka svona breitt og svona hátt (*sýnir stærðina með með handahreyfingum – 80 cm X 100 cm*); keypti það af góðum vini mínum. Hann sagði mér að hann hefði eitt sinn að kvöldi dags séð furðulegt skýjafar á himni yfir Kalmansvík. Hann brunaði heim; vildi ná hughrifunum á striga; sprændi úr litatúbunum á litaspjald; málaði verkið með spaða á 10 mínútum. Í skýjunum sér maður rauðbláa kynjaveru – fugl eða dreka eða ég veit ekki hvað. Í fjörunni eru alla vega litir steinar og hafið fyrir utan er hvítt og blátt. Seinna eignaðist ég tvær litlar myndir svona 20 cm á breidd og 30 cm á hæð og þegar ég bar þær upp að stóru myndinni þá sá ég að þetta voru dyr inn í huliðsheima vikuinnar.

Ég gaf myndirnar strák og stelpu í Kaupmannahöfn. Ég hef ekki hitt þau aftur en ég vona að þau hafi lært að nota myndirnar. Þau voru fólk sem fór gjarnan til skrýtinna heima – draumaheima – svona fólk eins og ég.

DANSKENNSLA

Frændinn er að kenna Andra unglingi að dansa. Frændi er herrann en unglungurinn er daman. Dansinn gæti verið chacha. Sérstaklega æfir frændinn það að snúa dömuni í margahringi.

FRÆNDINN

Þú tekur svona um vinstri hönd hennar með hægri hendi – þéttingsfast. Leggur svo vinstri höndina létt á öxl hennar – en viðbúinn því að halda vel við – þegar þú stýrir henni í dansinum – þú ert stjórnandinn! Nú tökum við nokkur grunnspor – chacha – chascha – chacha – chacha. (*Andri ungur drengur er fljótur að ná taktinum*). Sko strákinn þú verður góður! Nú sýni ég þér snúninginn. (Grunnspor – snúningur – grunnspor – tveir snúningar). Sjáðu bara hvað þetta var létt – góður stjórnandi lyftir stelpunni í hæstu hæðir – þó hún hafi aldrei getað dansað – það fer um hana sæluhrollur.

ANDRI UNGLINGUR

Hrollur?

FRÆNDINN

Þú getur náð þér í margar klassapíur ef þú æfir þig og æfir.

ANDRI UNGLINGUR

(*Glaður og spennur*). Get ég þá orðið eins og þú?

FRÆNDINN

Ég efa það, stráksi. Ég hef nefnilega meðfæddan eiginleika sem nefnist sjarmi.

ANDRI UNGLINGUR

Hef ég ekki sjarmi.

FRÆNDINN

Ef þú ætlar að ná þér í klassapíu þá þarft þú að tala alennilega íslensku. Sjarmi beygist eins og bjarmi. Bjarmi, um bjarma, frá bjarma til bjarma.

ANDRI UNGLINGUR

(*Hikandi*). Sjarmi, um sjarma, frá sjarma til sjarma. Get ég nú náð mér í klassapíur?

FRÆNDINN

Kannski eina eða tvær. En ég hugsa nú að þú þurfir að notast við svona gærur.

6. ATRIÐI – KAZU

Herbergi Andra eldri á geðdeildinni. Hálfrokkið er á sviðinu. Hreyfingar Kazu og látbragð er sett inn við textann en að sjálfsögðu er það í höndum leikstjórans og leikarans að móta Kazu.

Kazu kemur inn. Hann brosir kankvíslega og tiplar á tánnum yfir að borðinu; setur CD-disk í spilarann. Nú hljómar Finlandia: Symphonic Poem, op. 26 eftir Sibellius.

Andri eldri kemur inn og sest á kollinn. Hann hlustar nokkra stund en smellir svo disknum harkalega út úr spilaranum. Hendur hans skjálfa. Hann er stirðbusalegur í hreyfingum líkt og spýtukall þegar hann gengur um og einnig þegar hann sest eða rís upp af kollinum. Þegar hann situr er hann hokinn og niðurlútur. Kazu sveimar um herbergið á meðan atriðið varir en Andri sér hann ekki.

ANDRI ELDRI

Þú ert alltaf að spila þennan fjanda, Kazu! Þú nýtur þess að kvelja mig! Listamaðurinn í miðjunni hefur þá fyrir mótíf, fallegu drengina!

Stendur upp og skimar óöruggur í allar áttir.

Hvað hefurðu gert við gleraugun mín, Kazu, og bollastellið? Þessu getur maður vænst af Asíudjöfli. Þú ert hérna í herberginu. Andskotans, af hverju lætur þú mig ekki sjá þig? (*Kazu hlær innibyrðum hlátri og heldur um munn sér*). Ég er alveg til í að vera vinur þinn, þótt þú stríðir og stelir

Gengur að borðinu og tekur upp nokkur blöð.

Mætti ég kannski lesa þessi blöð? Ég veit hver Amor er, hann er með gamlar hendur, hann er alls staðar í felum. Ætlarðu að skila frumútgáfu ljósritanna minna? Þú lést mig fá þau fölsuðu! Hvar settirðu bollastellið mitt? Og hvernig á ég að lesa ljósritin gleraugnalaus? Skilaðu þessu! (*Kazu dansar í kringum Andra*). Þú ert samt góður strákur, eða ertu það ekki? Vakna ég til jarðlífsins aftur? Mig langar það ekki. Það er notalegt hér í búrinu mínu. Mig langar ekki niður á jörðina. Hvað fæ ég að launum? Teboð? Ertu með grímu, Kazu? (*Kazu tekur upp tebolla – réttir hann til Andra sem verður felmtri sleginn og missir bollann í gólfíð; hrifinn*). Ertu að bjóða mér í teboð, Kazu?

Sest við borðið og setur CD-disk í spilarann. Cantata No. 12 eftir Johann Sebastian Bach „Weinen, Klagen, Sorgen, Zagen“ flutt af Bach Collegium Japan. Einsöngvari er Yoshikazu Mera: 3. Recitativo og 4. Aría.

Það lækkar í músíkinni nokkru eftir að Kazu hefur söng aríunnar. Hann horfir á mynd af Kazu í bæklingnum sem fylgir CD-disknum.

Getur gríma brosað svona hlýtt og geislandi? Bros eins og barn gefur okkur, barn í öruggum höndum. (Kazu strýkur yfir hárið; vætir varirnar; brosir undublítt til ahorfenda). Mér þykir svo undurvænt um þig. Ha, ha, ha. Þig hefur alltaf dreymt um að vera eins og hann, reglulega fallegur strákur – fallegur, ungur maður. (Kazu stillir sér upp framarlega fyrir miðju sviðsins. Það er eins og hann standi fyrir framan spegil; réttir úr sér og lagar hálstauð; tekur upp vasaklút og beygir sig niður til að þússa skóna sína). Ertu raunverulega fallegur, ungur maður, meistari Mera? Af hverju ertu með íslensk augu? Þú ert með grímu, já, nú sé ég það svo vel. Það er ekkert ljótt að vera með grímu.

Andri leggur frá sér bæklinginn og stendur upp; horfir hvössum augum í átt að Kazu.

Þú lýgur að mér um nafn og heimilishagi, en þú ert vinur minn samt. Þú ert sterkur og ég er veikur. Af hverju veit ég ekki hver þú ert og hvar þú ert? Sjáðu, ég gæti hjálpað þér, haldið í höndina á þér. Það er ekki þessi gríma sem skiptir máli, heldur vinarþelið og hlýjan og styrkurinn.

KAZU

Hoppar af kæri og hlær stríðni lega.

ANDRI ELDRI

(*Lítur ráðvilltur í kringum sig*). Þú færð hér með annað tækifæri til að sýna mér hvar þú ert. Viltu kannski ekki vera vinur minn? Við getum búið saman hér eða hvar sem þú vilt. Ósk mín, von og þrá er að ég öðlist vináttu þína.

Eru tvö börn látin gæta hvors annars, með aðstoð lærimeistara? (Kazu hlustar – fullur eftirvæntingar). Ekki foreldra? Stundum – stundum ekki. Gott að þau eru í gæslu. Þau læra af mistökum sínum og meistaranna. Hvar koma meistararnir inn í spilið? Það eru mest börnin sem spyrja óskiljanlegu spurninganna sem enginn getur svarað, en eitthvað frjótt kviknar, kannski ekki ný hugsun, en eitthvað nýtt hjá svarandanum og spyrjandanum. (Kazu er hissa og hristir hausinn).

Hver var gáfaðastur? Kepler, Galíleó eða Newton og svo náttúrulega Einstein og Aristóteles? Ættum við að raða þeim í tímaröð, eftir hæð, skóstaerð eða augnalit?

Ég ætla að skrifa þér, Kazu; gá hvort þú viljir vera vinur minn.

Tekur blað og skrifar hægt og rólega; hugsar sig vel um eftir hverja setningu. (Kazu horfir yfir öxl hans og fylgist grannt með). Hendur Andra skjálfa skjálfa. Kazu líkir eftir skjálftanum og hlær niðurbældum hátri. Andri brýtur blaðið saman og setur það í umslag.

Hér færðu bréf frá mér fallegi strákur. (Kazu tekur bréfið úr höndum hans og hendir því út í horn). Kazu þú ert hérna hjá mér – ég verð að setja það í póst – eða hvað!

FÖGUR MANNESKJA

Andri yngri situr til hliðar á sviðinu. Hann er í mikilli uppsveiflu.

ANDRI YNGRI

Ég fann það – þá lá í loftinu – kom út úr búningsklefanum og stefndi á heita pottinn – sá að höfuð fólksins voru svona í móðu – eða kannski eins og þrumuský. Það átti eitthvað stórkostlegt að gerast – og ég átti að fá að sjá það. Ég settist í pottinn – og lét á engu bera –

svona eins og ég hefði ekki fattað nokkurn skapaðan hlut. Það er stundum best á meðan maður er að átta sig á stöðunni – hverjar voru þessar manneskjur með þokuhausana – þrumuskýs þokuhausana? Mér fór að leiðast – var ekki ætlað að skilja þetta. Tómur misskilningur – ég dreif mig upp úr – skellti mér í sturtu. Þá sá ég það – undir sturtunni á móti glugganum – bitist undurfögur mannvera – strákur – og í kringum hana stóðu gamlir kallar – sumir bognir í baki – höfðu margar sorgir á herðunum – kannski misst son sinn eða dóttur – úr veikindum – í slysi – eða misst þau bara í eiturlyf. Það á ekkert foreldri að lifa börnin sín – þá verður sorgin svo djúp og sár. Svo voru aðrir kallar þarna – með mikið skegg – reistir og tignarlegir með marga vöða. Allir þessir menn voru að vernda fallegu mannveruna – sem var að fæðast þarna. Voru þeir að galdra – galdra einhvern til lífsins aftur og svona fagan? Allir – líka sá nýfæddi voru með þokuhausa – þetta voru töfrar. Ætli ég fái inngöngu í þennan klúbb – þegar ég verð orðinn boginn í baki – eða með mikið og tignarlegt skegg?

7. ATRIÐI – UPPÁKLÆDDUR

Öðru megin á sviðinu; herbergi Andra eldri á geðdeildinni. Gerða situr hjá honum á rúminu.

GERÐA

Þú hefur gaman af ljóðum; varst að lesa Hrafnamál þarna á Hressó.

ANDRI ELDRI

Ég hef nú ekki gert mikið af því; er hrifinn af einu og einu – en mig skortir alla yfirsýn.

GERÐA

Það gildir um okkur flest.

ANDRI ELDRI

Móðir mín þurfti alltaf að syngja ljóð sem hún varð hrifin af. Og ef ekkert lag var til við ljóðið þá söng hún sitt eigið lag.

Andri syngur lag Ingunnar Bjarnadóttur við ljóðið Ingimundur fiðla eftir Þorstein Valdimarsson.

Ég skar mér fiðlu úr skógargrein,
og skærri tón á ei nokkur nein,
þó vítt og langt væri leitað.
En fáir þekkja þann huliðshljóm,
hve hann er tær, nema dalsins blóm
og vorbjört nóttin hún veit það.

GERÐA

Það er ekki nema von að hana hafi langað til að syngja þetta ljóð.

Hinu megin á sviðinu er lítill bókahilla með ljóðabókum og ofan á henni tvö glös, Baccardi-flaska og kókflaska. Tveir ungir menn, Andri yngri og vinur hans, sitja á teppalögðu gólfinu við hilluna. Vinur Andra er klæddur eins og greint er frá í textanum hér að neðan. Það heyrast ekki hljóð frá þeim en látæði þeirra er í takt við lýsingu Andra eldri á samskiptunum.

[Gott væri að leikararnir myndu í spuna hvernig sambandi vinanna er háttað: vinahót, glaðværð, snerting, alvara og kæti].¹

ANDRI ELDRI

Vinur minn kom einu sinni í heimsókn. Á þeim árum drakk hann rauðvín; var róttækur og klæddi sig hippalega. En aldrei þessu vant, var hann glæsilega búinn: velburstaðir, dökkbrúnir skór, stífpessaðar, svartar buxur; fallegur, dökkfjólublár flauelsjakki, drifhvít skyrtu og falleg, þykk slaufa. Ég dáðist alltaf að krullunum í hári hans. Þær voru eins og áður, frjálssar; engin greiða hafði spillt þeim.

„Þú hefur aldrei verið svona fallegur síðan þú fermdist.“

Ég, ég, – sagði það ekki – ég bara hugsaði það.

GERÐA

Já, fermingarbörn.

ANDRI

Við settumst á teppalagt gólfið og drukkum Baccardi í kók og spjölluðum um allt milli himins og jarðar. Þegar líða tók á kvöldið vorum við notalega afslappaðir. Ég fór að lesa fyrir hann falleg ljóð og hann fann í bókunum mínum ljóð sem honum þótti vænt um. Þannig sátum við lengi nætur.

Nokkrum árum seinna hitti ég hann aftur og bauð honum út að borða.

Andri yngri og vinurinn sitja við borð á matsölustað. Látæði þeirra er í takt við það sem kemur fram í textanum.

Staðurinn var virðulegur – þekktur fyrir ljúffengar steikur og gómsæta eftirrétti. Við fengum okkur Camparí í fordrykk. Umræðan varð fljótlega eins og framhald af umræðunni frá því síðast við hittumst áður. Við hneyksluðumst á íhaldinu og gáfum forystumönnum vinstri flokkanna slaka einkunn. Og vinirnir – hvar voru þeir staddir í tilverunni? Með matnum drukkum við skraufpurrt rauðvín.

VINURINN

„Þú varst mjög ástfanginn af mér hérna um árið – ekki satt?“

ANDRI YNGRI

(*Hrekkur í kút*). Ástfanginn? – Vinátta eða ást? – Hvort er mikilvægara eða meira gefandi?

SLYSASKOT Í PALESTÍNU

Sá yngri og sá eldri eru sitt hvoru megin á sviðinu. Andri eldri klæðir sig í jakkaföt, hvíta skyrtu, svart bind og setur alpahúfu á höfuðið; tekur upp veglega pípu. Sá yngri klæðir sig í bresk hermannaaföt, vígalega klossa og setur hjálm á höfðið. Þeir færa sig inn á mitt sviðið.

Þeir syngja Slysaskot í Palestínu. Lag: Þórhallur Hróðmarsson; ljóð Kristján frá Djúpalæk.

ANDRI ELDRI

(*Réttir Andra yngri nótnablað með söngnum*). Hérna, nú syngjum við þetta.

ANDRI YNGRI

En þurfum við ekki undirspil?

ANDRI ELDRI

Það er alltaf hægt að treysta á hann frænda – hann er verulega góður píanóleikari. Hlustaðu bara. (*Þeir leggja við hlustir: forspilið að söngnum hljómar nú*). Þarna sérðu!

Lítill stúlka. Lítill stúlka.
Lítill svarteyg, dökkhærð stúlka
liggur skotin.
Dimmrautt blóð í hrokknu hári.
Höfuðkúpan brotin.

ANDRI YNGRI

Ég er Breti, dagsins djarfi
dátí, suður í Palestínu,
en er kvöldar klökkur einn,
kútur lítill mömmusveinn.

Mín synd er stór. Ó, systir mín.
Svarið get ég, feilskot var það.
Eins og hnífur hjartað skar það,

hjarta mitt, ó, systir mín,
fyrirgefðu, fyrirgefðu,
anginn litli, anginn minn.

Ég ætlaði að skjóta hann pabba þinn.

8. ATRIÐI – RA-TA-TA-TA-TA

Herbergi Andra eldri og sjónvarpsherbergi – sjónvarp og stólar. Skilrúm er á milli herbergjanna. Andri er rogginn og háðskur, hlær við og við stórkarlalega, slær um sig með höndunum. Allur stirðbusaháttur er horfinn. Hendur hans skjálfa mun minna.

Glampar og hávaði berast frá sjónvarpinu.

Skipanir, hróp og drunur frá hriðskotabyssum: ra-ta-ta-ta-ta.

ANDRI ELDRI

Stendur við borðið og horfir á hendur sér.

Fjandans skjálfti, eins og hjá gamalmenni. Ef ég gleypi nógu mikið af þessum fjandans pillum þá helst ég á normallínunni, skjálfandi á normallínunni; venjulegur eins og aumingjarnir í kringum mig.

Tekur sokkklaeddu flöskuna, opnar hana og hellir vænum koníakslitum slurk í glasið. Setur hana síðan aftur á borðið; hreyfir glasið í litlum, láréttum hringjum, þefar af vökvanum við og við. Tæmir síðan úr glasinu í einum gúlsopa.

Þeir segja það gömlu sjóararnir að skjálftinn hverfi ef maður byrjar daginn með einu koníaksstaupi. Kannski ég kíkí aðeins á fréttirnar, það virðist vera eitthvert tusk í gangi.

Gengur yfir að skilrúminu og hallar sér upp að því. María, sjúklingur á geðdeildinni horfir á sjónvarpið.

Saklaust fólkíð fellur fyrir byssukúlum vondu kallanna: ra-ta-ta-ta-ta. Þetta gerist ekki í alvörunni. Þetta er bara sjónvarp – léleg kennsla. Hallærislegt kennslusjónvarp, sem á að sýna okkur hvernig á ekki að fara með fólk. Það er hægt að feika allt í sjónvarpi. Hvað deyja margir

í einum raunveruleika-sjónvarpsþætti? Sama saklausa fólkið aftur og aftur? Svo rís það upp, skellir sér inn í matartjaldið og velur úr öllum gerðum hamborgara með frönskum og drekkur gos. Svo er það tilbúið í næstu senu. Þarna drepa nokkur börn foreldra sína fyrir eina baunaskál. Hlægilegt! Hver drepur svo sem foreldra sína fyrir eina baunaskál, þó að þau fái hríðskotabyssu í kaupbæti? Hvílík heimska!.

MARÍA

Hlærðu að eynd þessara barna? Snautaðu inn á herbergi, merkikertið þitt!

ANDRI ELDRI

Já, ég hlæ, elskan mín. Þetta eru leikarar, deyja aldrei, notaðir aftur og aftur í mörgum senum. Púðurskot, kannski ekki einu sinni það, kannski er bara slegið snögg á potta og pönnur: ra-ta-ta-ta-ta. Skriðdrekki keyrir þarna yfir tvö börn – systkini – átta og tíu ára. Leikstjórinn hlýtur að hafa legið lengi yfir þessari senu. Það er svo erfitt að fá börn til að leika, sumir leikstjórar eru vonlausir í því. Börnin verða eins og spýtukallar í höndunum á þeim. Hann kann sko til verka þessi. Maður finnur skelfingu þeirra, sársaukanum; hrópin eru ærandi. Þetta er eins og það sé að gerast í alvörunni. Ha, ha, hver færir svona með börn í alvörunni?

MARÍA

Er þér ekkert heilagt?

ANDRI ELDRI

Já, feita brussa. Stingdu mig bara með svörtu, hvössu augnaráðinu. Er Jesús enn einu sinni að senda þér boð? Hvíslar hann kannski í hægra eyrað á þér? Hvað segir hann?

Vorkennum þeim sem vita ekki hvað er að gerast!

Hvað þýðir það? Átt þú að vorkenna mér, eða ég þér? En hvað þá með reiðina og hvössu augun þín?

Réttlát er reiðin, því illt skal með illu útskúfað verða.

Það fer kuldahrollur um mig.

MARÍA

Haltu áfram að snúa út úr guðsorðinu, bölvaður trúleysinginn þinn! Það er skelfilegt að maður skuli þurfa að umgangast þig!

ANDRI ELDRI

Ég sem hélt að þú værir svo umburðarlynd – fulltrúi Jesú hér á svæðinu.

María ýtir honum í átt að herberginu hans.

Jæja, góðan mín, ég skal fara. Sá vægir sem vitið hefur miklu meira, elskan.

Gengur inn í herbergið sitt að borðinu. Hellir sér aftur í glasið og drekkur í botn.

Æ, það tekur því ekki að atast í henni.

Gengur að rúminu og sest á það.

Ég bíð bara eftir því að það komi einhver krassandi kvikmynd. Allir vita, jafnvel algjörir illar, að í kvikmyndum er allt feikað. Það er ekkert farið í felur með það. Meira að segja eru skrifaðar lærðar greinar um allt slíkt. Hvernig kastalar úr steini verða á svipstundu eldinum að bráð og

hrynja með þrumugný. Og hvernig hægt er að láta Hobbíta sýnast örsmáa við hliðina á Gandálfi. Allt svo flott. Maður verður þátttakandi í ævintýrinu. Raunveruleiki fram í fingurgóma.

Það er bara eitt sem pirrar mig. Þegar lífinu fyrr á tímum er lýst í kvikmynd, þá eru allir svo skítugir. Er verið að innprenta manni að fólk hafi ekki kunnað að þvo sér?

9. ATRIÐI – ÉG ER EKKI EINS OG ÞÚ

Skrifstofa geðlæknisins öðru megin á sviðinu. Andri og geðlæknirinn ræðast við. Andri er í góðu jafnvægi; enginn skjálfti, engar ýktar hreyfingar.

ANDRI ELDRI

Ég elskaði hann og dáði fram að þessu.

GEÐLÆKNIRINN

Það er margir draugar úr fortíðinni sem við þurfum að gera upp. Konan þín sagði mér að þú hafir átt í kynferðislegu sambandi við karlmenn. Viltu ræða það?

Andri yngri og ungur maður eru komnir inn hinu megin á sviðinu. [Eðlilegt er að leikararnir finni rétt látbragð með spuna.]

ANDRI ELDRI

Skrytinn og æsandi heimur; drengjalegur heimur þar sem við lékum okkur.

Ég var bara að prófa.

ANDRI YNGRI OG UNGI MAÐURINN

[Með látbragði]: Andri yngri er klaufskur en ungi maðurinn öruggur og hlýr.

ANDRI ELDRI

Hann var samt ekkert stelpulegur – nema kannski rassinn.

ANDRI YNGRI OG UNGI MAÐURINN

Ungi maðurinn brosir stríðnislegu brosi og þeir horfast í augu.

ANDRI YNGRI

Augu hans voru djúp og dimm. En ég var ekki eins og hann!

ANDRI YNGRI OG UNGI MAÐURINN

Hikandi faðmlag og koss, svona snerting. Þeir fara úr buxunum.

ANDRI ELDRI

Ég var bara að prófa!

ANDRI YNGRI OG UNGI MAÐURINN

Atlotin – hvor ræður ferðinni? Æsandi snerting. Eitt andartak eru þeir sem ein manneskja.

Andri yngri og ungi maðurinn losa sig frá hvor öðrum í flýti og fara út af sviðinu.

ANDRI ELDRI

Ég var ekki eins og hann! Ég var bara að prófa!

GEÐLÆKNIRINN

Margir prófa og byrgja þetta svo inni og skammast sín fyrir að laðast að eigin kyni. Ertu kannski bisexual?

ANDRI ELDRI

Þarf að setja á það merkimiða? Er maður annaðhvort hommi eða bisexual þegar maður leitar eftir hlýju og nánd hjá annarri manneskju?

Talsverð þögn. Andri eldri róast niður.

*Hinu megin á sviðinu birtist Andri yngri þar sem hann krýpur með stóran hníf í höndunum.
Hann beygir sig fram og beinir hnífnum að maganum.*

ANDRI ELDRI

Þetta var stór, flugbeittur hnífur. Við notuðum hann til að skera brauðið okkar, fiskinn og kjötið heima.

Andri yngri hikar við, leggur hnífinn frá sér og grætur.

ANDRI ELDRI

Hvers vegna hikaði ég? Var það vegna þess að mig skorti kjark? Eða var það af því að heima voru þrjár konur sem biðu mín; eiginkonan og tvær fósturdætur?

GEÐLÆKNIRINN

Hvort þarf meiri kjark til að að kúpla sér út úr lífinu eða takast á við vandann?

ANDRI ELDRI

Er maður í standi til að svara því þegar maður upplifir svartnætti.

GEÐLÆKNIRINN

Í þannig ástandi getur ein hugsun skipt sköpum. Hjá þér var það hugsunin um konurnar þrjár, sem biðu heima.

HVAR ÆTLI' HÚN SÉ?

ANDRI YNGRI

Eftir ballið bauð ég í heimapartí. Með okkur slæddust miðaldra hjón úr Garðabænum. Kallinn tók mig tali og benti á einn samkennara minn – ljóshærða, fjörlega og skemmtilega konu og sagði að hann vildi sko í bólið með henni. Ég ákvað að kenna honum þarfa lexíu; snéri mér að konu hans og fór á fjörunar við hana; var ekkert að leyna því fyrir kallinum. Hún var bæði glaðleg, skemmtileg og he, he, kófdrukkin. Ég spurði hana svo hann heyrði hvort hún vildi ekki koma í bólið með mér þegar karlinn færi heim. Hún tók því vel og þegar allir voru að fara hermdi ég þetta upp á hana. Kallinn varð spólvitlaus og hótaði henni öllu illu ef hún kæmi heim með honum.

Hann fór; ég þurfti að styðja hana að rúminu; lagði hana upp í. Þegar ég dró nærbuxurnar niður á mið læri – fór hún að gráta.

Hvar ætli' hún sé þessi kona?

10. ATRÍÐI – BRÉFIÐ

Herbergi Andra. Hann er rólegri en mjög viðkvæmur. Gleði, sorg og almenn viðbrögð eru stundum eins og hjá saklausu barni – en stundum eins og hjá fullorðinni persónu sem reynir að halda aftur af sér. Enginn stirðbusaháttur, en hendur hans skjálfa áfram. Kazu kemur in á svðið.

ANDRI

Hann er með bréf í hendinni. Les í hljóði utanáskriftina; snýr bréfinu við og les nafn sendanda. Endurtekur athöfnina, en nú upphátt:

Til Andra Jónssonar á Geðdeild Landsspítalans, deild C, 101 Reykjavík, ICELAND.

Frá Yoshikazu Mera, Japan.

Þú svaraðir þá bréfinu mínu, Kazu! Þú ert yndislegur – og hvað er nú þetta?

Tekur lítinn samanbrotinn bréfsvan úr umslaginu (origami). Færir hann varlega að vörum sér og kyssir hann.

Gerðir þú þennan svan handa mér? Braustu hann saman sjálfur? Eða var það kannski einkaritarinn þinn. (*Kazu brosir kankvíslega*). Það er alveg sama hver gerði það. Það er hugurinn á bakvið gjöfina sem skiptir mestu. Og árituð mynd af þér!

Kyssir myndina. Hann bærir varinar eins og hann sé að lesa bréfið. En Kazu les það upphátt:

KAZU

Thank you for the warm letter! I surely received it with great pleasure. It is the first time I received a letter or acquainted with an icelander person! I also wonder how you are like and is your country surrounded by the snow most of the time? I imagine that your country is very beautiful. Your message made me feel very warm and that turns into the energy for my singing. It will be wonderful if we will see someday!

with Best regards

Yours Kazu Mera

ANDRI ELDRI

Hann strikar undir Yours Kazu Mera. Ég veit að þú ert umvafinn ástvinum, Kazu. Mildur, blíður söngur og hlýleg, brosandi gríman laða alla að. Er pláss fyrir mig? Nei, það væri of yndislegt til að vera satt. Viltu verða vinur minn í næsta lífi? Þá rætast draumar mínir. Ég ræð huga mínum og við verðum saman þar; lifum í sátt við umhverfið. (*Kazu tekur dansspor eins og kona í tangódansi*). Þú með sönginn og eldmóðinn. Ég stend svona til baka. Ég verð akkerið; þvæ sokkana þína. Hvað þarf ég að leggja á mig til að standa þér jafnfætis? En er annars nokkur þörf á því? Er til göfugra starf en að verða þjónn þinn? (*Kazu hefur farið úr skóm og sokkum og hendur sokkunum í Andra; Andri grípur þá og horfir undrandi í allar áttir*). Kazu ertu herna?

Gengur að borðinu með CD-spilaranum. Setur í hann disk og þá heyrir Kazu Mera syngja Söng Sólveigar eftir Grieg (Peer Gynt_Op. 23-Solveig_Song).

[Flutningurinn tekur 5 mínútur og 17 sekúndur. Hægt er að stoppa eða lækka músíkina eftir 2 mínútur og 34 sekúndur].

Sólveig, unga konan sem horfði á eftir unnustanum. Hann vill flakka um heiminn og finna hamingjuna. Sólveig, eldist og verður lúin, gömul kona. Ennþá bíður hún eftir Pétri sínum Gaut. Loks kemur hann heim og þar bíður hans hamingjan.

Sest við borðið og byrjar á bréfi. Les jafnóðum og hann skrifar. Kazu fylgist grannt með skrifum hans.

Dear Kazu. You are as good a singer as Sólveig. You are Sólveig; waiting so long for your fiancé to show up. And at last you succeed.

Þeir segja að rödd þín sé frá hinnum. (*Kazu hreykir sér stolltur*). Áður fyrr þurfti að gelda drengina til þess að raddir þeirra kæmu frá hinnum. Þig þurfti ekki að gelda; og þú syngur miklu, miklu betur en þeir gerðu. Ég get dæmt um það, því í fyrra lífi var ég einn af geldingunum – og enginn okkar söng eins fagurt og þú gerir núna.

You are much better than the castrated boys from old times. I know because I was one of them. (*Kazu grípur um klofið*).

Svo er það annað sem gerir þig einstakan. Þú ert lítill, eins og stórt barn. Stórsöngvarar eru nær alltaf mjög stórir um sig. Því til þess að verða stórsöngvari, þá þarf maður að hafa stóran físelg inni í sér til að draga inn stóran anda og blása honum síðan frá sér. (*Kazu er furðu lostinn*). Svo hafa stóru söngvararnir lært söng í margar aldir. Margir lærimeistarar hafa kennt þeim, allt frá fyrstu söngvurum frummanna til færustu söngvara dagsins í dag: klassískra, djassískra, rokkískra, diskóískra og margra, margra fleiri. Þess vegna verða þeir svona ofurfeitir. Einhvers staðar þurfa þeir að geyma þessa svakalegu þekkingu, visku og reynslu.

(*Aftur að bréfinu*). You are small like a big child. And you have learned the art of singing for several ages. Where do you keep all this knowledge and wisdom?

(*Lítur enn upp*). En hvað með þig? Sköpurum himins og jarðar og lífs tókst að koma fyrir allri þekkingu, visku og reynslu söngsins, allra kynslóðanna, í litla líkamanum þínum. Frábært afrek – sannkallað meistaraverk, Kazu. (*Kazu horfir skilningsvana á Andra*).

(*Skrifar og les*). The creator of heaven, earth and life succeeded to put all your knowledge, wisdom and experience of singing into your small body; how beautiful. Kazu, now I know why you have to wear this beautiful mask.

(*Kazu grípur um andlit sér; togar í kinnarnar*). Nú skil ég af hverju þú þarft að vera með svona fallega grímu. Ef þú setur hana ekki upp þá er hættu á að fólk sjái ævafora manneskju. Hugsíð ykkur sjokkið ef það mætir ævafornum gamlingja á leið út í sjoppu. (*Kazu verður skelfingu lostinn*).

Brýtur saman bréfið og stingur því í umslag.

Nú er bréfið tilbúið – ég læt fylgja mynd af mér - áritaða.

Ritar nafn sitt á myndina og setur hana í bréfið. Sleikir límröndina og lokar bréfinu.

SNILLDARHUGMYND

ANDRI YNGRI

Lítur út í salinn. Í hans augum eru áhorfendur nemendur hans.

Jæja krakkar mínir – þið eruð öll mætt eins og vanalega – enda í öldungadeild – eldra og þroskaðra fólk – sem komið úr öllum skúmaskotum samfélagsins.

Rétt í þessu – þegar ég gekk inn um dyrnar – skaust inn í hug minn snjöll hugmynd. Þetta var álíka skot og þegar Aþena skaust – út úr höfði Seifs.

Nú snúum við hlutverkunum við – ég dreg mig í hlé – þið takið við kennslunni. Nú skulið þið, krakkar mínir, standa upp eitt og eitt eða tvö eða bara eins mörg og vilja vera saman – og segja mér hvaða eðlisfræði þið notið í vinnunni ykkar – eða bara í daglega lífinu.

Stígur til hliðar, lítur til áheyrenda og bíður nokkra stund.

Jæja ætlar einhver að ríða á vaðið?

Ef einhver áheyrenda stendur upp og svarar:

Svar Andra yngri: Stórsnjallt. Þú ert efni í góðan eðlisfræðing þegar þú verður stór.

Ef annar úr hópi áheyrenda svarar:

Svar Andra: Þetta var góð tilraun hjá þér – komdu með hana betur útfærða á morgun.

Ef enginn stendur upp til að svara:

Þið valdið mér miklum vonbrigðum, krakkar mínir.

Ég sem hélt að þið væruð til í að prófa eitthvað nýtt – jæja, alltaf sama tuggan.

Á hvaða blaðsíðu vorum við í bókinni?

11. ATRIÐI – MIKILVÆG HLUTVERK

Herbergi Andra. Matti kemur inn hnípinn í bragði. Andri býður honum að setjast á rúmið en sest sjálfur á stólinn. Andri er öruggur í fasi; enginn handarskjálfti.

ANDRI

Jæja, Matti minn. Hvað segist?

MATTI

Lítil breyting.

ANDRI

Þetta tekur allt tíma. Maður verður bara að sýna þolinmæði.

MATTI

Ég ætlaði aldrei að sofna í nótt, það heyrðist svo hátt í símalínunum. Suð og brak og brestir.

ANDRI

Ég kannast við það. Þegar ég heyrði suðið frá þeim fyrst; enginn hreinn tónn eins og maður á að venjast frá gítar eða fiðlu. Það var ekki fyrr en seinna að ég skildi þennan söng. Hann er ómur þúsunda tónverka, mestu snillinga heimsins. Þegar þú verður eldri og reyndari þá muntu greina samhljóminn. Og það mun hjálpa þér til að verða betri manneskja.

MATTI

Læknirinn sagði mér að ég sveiflist upp og niður. Ert þú líka svoleiðis?

ANDRI

Ja, geðið sveiflast oftast upp hjá mér. Það eru forréttindi að vera með geðhvörf. Þegar þú hefur náð valdi á þeim þá hættirðu að þjást. Þú lærir að virkja ofurkraftinn sem fylgir þeim. Og ekki síður muntu læra að vinna á drunganum sem oftast en ekki sækir á þig. Í ofurkraftinum kemstu í samband við almættið og í drunganum kemstu í samband við alla þjáningu veraldarinnar. Ef þú lærir að tengja þarna á milli þá verður þú hæfari til að hjálpa öðrum og gefa af þér.

MATTI

Það horfa allir á mig hérna á deildinni.

ANDRI

Spítalinn er verndarsvæði. Ef einhverjir eru að horfa á þig þá er það í góðum tilgangi. Bráðum finnurðu hlýjuna í augnaráði þeirra. Við erum öll saman í liði. Við verndum hvert annað.

Þegar ég var í Köben hér um árið þá áttaði ég mig sannarlega á því. Kannski átt þú eftir að uppgötva sérstaka verndara sem vernda þig einan. Ég gerði það þegar ég gekk eftir Strikinu. Á undan mér gengu tvær manneskjur og tvær á eftir – verndarar mínir. Ef einn þurfti að skreppa á klóið þá brá hann sér inn á næstu krá. Og það brást ekki að í hans stað kom nýr verndari í hópinn. Ef ég fór inn á krá sjálfur þá héldu hinir ótrauðir áfram eftir götunni. En þegar ég yfirgaf krána eftir þrjá til fjóra bjóra, fylgdu mér ávallt tveir kráargestir út á götuna og svo bættust strax tveir aðrir við.

MATTI

Voru þeir að vernda þig? Ókunnugir menn?

ANDRI

Já, ég sá í gegnum allan laumuháttinn. Ég fór að hugsa: „Af hverju eru svona margir að vernda mig?“ Og svarið lá ljóst fyrir: ég hef vitað það frá því ég var 15 ára gamall að mér er ætlað stórt hlutverk í lífinu. Þá var mér sagt að ég hefði verið Jónas Hallgrímsson í fyrra lífi.

(Kveikir sér í sígarettu og heldur henni þannig að hún vísar lóðrétt upp). Vitur kona kenndi mér að lesa í sígarettuösku. Hún sagði: „Ef þú heldur rettunni svona lóðrétt upp og bíður, þá sérðu indíána; hann er verndari þinn. Allir eiga sér verndara af indíánaættum. Nú sé ég hann. Sérð þú hann?“

MATTI

Já, hann er með mikinn fjaðraskúf!

ANDRI

Traustur verndari.

MATTI

Hann heldur á barni í fanginu!

ANDRI

Sérlega gott tákni. Þú ert barnið.

Eitt sinn þarna í Köben sat ég í sal – fullum af fólki. Á sviðinu stóð maður við ræðupúlt – það einhvern veginn – ljómaði af honum. Og hann flutti svo fallega ræðu um nauðsyn samkenndar milli fólks af ólíkum uppruna. Við þurfum að læra að hlusta hvert á annað. Samtal er ekki bara að einn tali. Spræni yfir okkur hin einhverju sem honum finnst réttast, best og gáfulegast. Samtal er – að stærstum hluta – að hlusta. Ef það er í heiðri haft þá munu samfélögin batna.

Í salnum varpast daufar ljóskeilur á einn og einn áhorfanda.

Ég leit í kringum mig. Hvaða áhrif höfðu þessi orð á aðra áhorfendur? Þá tók ég eftir dálitlu skrytnu. Ég sá daufan bjarma umhverfis margan áhorfandann. Og ég skynjaði að þessar persónur voru að senda manninum fallegar hugsanir.

Blóm og allaufgað tré myndast meðan frásögn Andra varir.

Það var eins og þegar ein hugsun fæddist í salnum – þá breytti maðurinn henni í blóm. Og þegar margir lögðust á eitt – og sendu sömu fallegu boðin til mannsins – þá breytti hann boðunum í allaufgað tré og lauf þess dreifðust yfir salinn. (*Lauf dreifast um salinn*).

Hægt og rólega gengur hann fram að sviðsbrún og sest þar í lóthusstillingu.

Komdu Matti og sestu hérna hjá mér.

Matti sest við hlið hans, líka í lóthusstillingu.

Hugsum okkur að við séum á sviði í litlu leikhúsi. Og við ætlum að nema fallegu hugsanirnar sem fólkið í salnum sendir okkur.

Þeir loka augunum í djúpri einbeitingu.

MATTI

Það er friður hér í salnum.

ANDRI

Notaleg hlýja og friður.

MATTI

Svona hlýja sem myndast ...

ANDRI

... þegar fólki þykir vænt hvert um annað.

MATTI

Þegar fólk hugsar fallega um börnin sín.

ANDRI

Þegar fólk setur græðgina til hliðar og ...

MATTI

(*Tekur um höfuð sér*). Það er hérna einhver í salnum sem sendir mér svo rugluð boð – þau eiga ekkert heima hér. Já, já – þú skuldar allt of mikið í allt of stóru húsi og konan er farin frá þér með sjómanni. Hvað með það – hvað kemur það mér við? Seldu bara húsið og fáðu þér nýja konu.

Veltir sér úr stellingunni og snarast á fætur. Andri rís rólega upp og reynir að róa hann.

Ég vil ekki fá þessi boð! Látið þið mig í friði!

Ljós út.

UPP AF STÓLNUM

Andri – unglíngur situr á stól við borð. Frændi hans kemur inn.

FRÆNDINN

Stattu upp, ég ætla að sitja þarna!

ANDI - UNGLINGUR

Nei!

FRÆNDINN

Snautaðu þér upp af stólnum, auminginn þinn!

ANDRI – UNGLINGUR

(Veiklulega). Nei.

FRÆNDINN

Þú hefur alltaf verið helvítis fífl – huglaus ræfillinn þinn! Upp af stólnum! Ég er eldri og þú átt að hlýða mér! Hleypurðu enn til mömmu þegar eitthvað bjátar á! Ertu hættur að pissa undir og hvenær skeistu síðast á þig? Svona – hunskastu upp af stólnum!

Andri – unglíngur stendur upp og gengur út af sviðnu. Frændinn sest.

Ljóskeila lýsir á Andra yngri.

ANDRI YNGRI

Ég klifraði upp á fjallið fyrir ofan þorpið okkar. Ég svitnaði og varð móður.

Ljóskeilan hverfur af þeim yngri en sá eldri lýsist upp.

ANDRI ELDRI

Samt skalf ég. Ég klifraði upp að klettabrúninni efst í fjallinu – hrasaði rétt áður en ég kom út á brúnina. Ég leit upp og við mér blasti fallega sveitin neðan við þorpið okkar.

KALLINN Í KASSANUM

ANDRI YNGRI

Kassalaga tölva stendur á borði. Andri yngri virðir hana fyrir sér.

Hvað er inni í þessum kassa?

Eru tölur til?

Hvert liggur símalínan frá tölvunni?

Hverjir fletta upp vísdomnum sem birtist á skjánum?

Þar er náttúrulega sama óvissan – þeim sem fletta getur missýnst og skjöplast alveg eins og allt þetta sem tölvun hefur aðgang að – ef hún er til – allt getur orðið útatað í villum og misskilningi.

Hvaða gagn er þá af þessu appíratí?

Eygló er komin upp að hlið Andra yngri.

EYGLÓ

Ert þú ekki eðlisfræðikennari?

ANDRI YNGRI

Hvað kemur það málinu við? Við verðum ávallt að velta fyrir okkur grunvallaratriðum mannglegrar tilveru þegar nýjungum er troðið inn í líf okkar.

EYGLÓ

Nú þarft þú að fara til geðlæknisins þíns.

Eygló fer út af sviðinu til vinstri. Andri yngri gengur út af sviðinu til hægri. En hann er fljótur að koma aftur inn á sviðið og ávarpar þá áheyrendur.

ANDRI YNGRI

Nú hafa Siggi Sigurjóns og félagar tekið málin í sínar hendur og í sjónvarpinu núna rétt áðan fengum við að sjá kallinn í tölvukassanum. Ætli umhyggjusamar eiginkonur þeirra hafi ráðlagt þeim að heimsækja geðlæknana sína?

12. ATRIÐI – SÖNGUR HIMINHNATTANNA

Ljóskeila fylgir Andra en dauft ljós er annars staðar á sviðinu.

Herbergi Andra eldri. Andri kemur inn og gengur að rúminu, lagfærir dýnuna og býr um rúmfötin. Að því loknu sest hann á rúmið. Hann er nokkurn veginn í jafnvægi; tekur bréfið frá Kazu upp úr brjóstvasanum og handfjallar það dapur í bragði. Kazu kemur inn en Andri eldri sér hann ekki.

ANDRI ELDRI

Ég gat svo sem ekki búist við því að þú svaraðir bréfinu, Kazu. Þú átt svo annríkt. Kannski hefði ég ekki átt að senda þér myndina af mér. Og svo hefur skjálíandi skriftin mín ekki bætt úr skák. Sumir heyra söng himinhnattanna. Kepler setti laglínurnar sem hann heyrði niður á blað. Kazu, þú hlýtur að heyra þann söng. *Gengur að borðinu með CD-spílaranum. (Kazu fylgist spenntur með).* Ég á hérna disk með hljómunum sem tengja sólina við jörðu.

Setur disk í spílarann. Söngur himinhnattanna fyrir píanó og fiðlu eftir Hróðmar Inga Sigurbjörnsson heyrir.

Hún mamma heyrði örugglega þessa músík.

Móðirin kemur inn á sviðið í daufri birtu. Andri horfir hugfanginn á hana.

MÓÐIRIN

Syngur lagið Sól, stattu kyrr: Síðasta erindi úr ljóðinu Sólarlag eftir Sigurð Sigurðsson frá Arnarholti. Lagið er eftir Ingunni Bjarnadóttur, raddsett fyrir píanó af Hróðmari Inga Sigurbjörnssyni.

Sól stattu kyrr! Þó að kalli þig sær
til hvílu – ég elska þig heitar.
Þú blindar mín augu, þú ert mér svo kær
eins hvort þú skín, eða bæn minni neitar.
Ég sæki þér nær, þótt þú færir þig fjær –
þótt þú fallir í djúpið mitt hjarta til geislanna leitar.

ANDRI ELDRI

Heyrirðu þetta, Kazu? Hún mamma þekkti söng himinhnattanna? Heimsmynd skáldsins hefur reyndar takmarkast við flata jörð – en það er auðvelt að fyrirgefa það. Kazu, fannst þér ekki söngur hennar fagur? (*Kazu kinkar kolla og klappar saman lófnum; Andri lýtur furðu lostinn í kring um sig*). Kannski eru þeir einir vinir þínir, sem heyra laglínurnar og átta sig á samhljómunum? Ég neyðist til að nota spilarann minn og söngvana hennar mömmu. Ég get því aldrei orðið vinur þinn.

Setur í spilarann undirspil við lagið Ghost of a Chance, Victor Young/Ned Washington & Bing Crosby.

ANDRI

I need your love so badly,
I love you oh so madly,
but I don't stand
a ghost of a chance with you.
Though at last I'd found you
but other love surrounds you
and I don't stand
a ghost of a chance with you.

ANDRI OG KAZU

If you'd surrender
just for a tender kiss or two,
you might discover
that I'm the lover meant for you
and I'd be true.
But what's the good of scheming,
I know I must be dreaming,
for I don't stand
a ghost of a chance with you.

Andri leggst á hnén framarlega fyrir miðju sviðsins. Móðirin kemur til hans; lýtur niður að honum og strýkur höfuð hans mjúklega.

Nú hljómar söngur Kazu: Vocalise eftir Rachmaninov. Andri leggur höndina á hjartað og horfir upp með bros á vörum.

[Ef til vill væri hægt að láta leikarann sem leikur Kazu syngja lagið eða annað jafn áhrifaríkt.]

Það dregur smám saman niður í músíkinni og ljósin dofna.

ENDIR

EFTIRMÁLI

Ég er haldinn ólæknandi sjúkdómi sem kallast manic-depression á læknamáli, hann hefur hlotið það fallega nafn geðhvörf á íslensku. Sjúkdómurinn lýsir sér í miklum geðsveiflum, ýmist hátt upp eða djúpt niður. Í báðum tilfellum missir maður gjörsamlega vald á dómgreind sinni. Í þunglyndinu getur tvö þúsund króna rafmagnsreikningur orðið óyfistíganlegt vandamál, beinlínis ógnun við tilveruna. En í oflætinu trúir maður því að maður sé fær um að kenna allar greinarnar í Menntaskólanum við Hamrahlíð og svo býðst maður til að skúra skólann að auki.

Ólæknandi, já, sjúkdómurinn er ólæknandi. Það þýðir samt ekki að maður sé útilokaður frá lífi og starfi utan veggja meðferðarstofnana. Það er hægt að finna lyfjablöndu sem heldur veikindunum í skefjum hjá flestum. En stöðugt eftirlit þarf að vera í gangi. Best er þegar maður er sjálfur fær um það. Annars lendir það á fjölskyldunni eða góðum vinum eða vinnuveitanda.

Öll sveiflumst við, það skiptast á skin og skúrir í lífi okkar, sveiflan líður áfram í kringum línu sem við getum kallað normallínu. Persóna sem situr á línunni sýnir hvorki bros né skeifu.

Starfsmennirnir á Geðdeild Landsspítalans og á Kleppi sýndu mér ómælda hlýju og hjálpuðu mér að stíga næstu skref. En hjálpin kom ekki síður frá sjúklingunum; það er nefnilega svo gott þegar maður áttar sig á því að það eru fleiri sem glíma við svipuð vandamál og maður sjálfur.

Það má segja það hafi orðið mér gæfu að sjúkdómurinn lét ekki á sér kræla fyrr en ég var rúmlega fertugur. Fimmtán ára unglingur eða tvítugur ungur maður stendur frammi fyrir mun erfiðari aðstæðum. Vinalaus; einhverjir meðferðarfulltrúar reyna að hjálpa honum. Og fjölskyldan, er hún ekki bara þarna af illri nauðsyn? Hún situr jú uppi með þennan vesaling.

Þegar ég horfi til baka þá get ég ekki sagt annað en að á margan hátt hefur þessi reynsla orðið mér til góðs. Draugunum úr fortíðinni hefur fækkað til muna og ég hef lært að glíma við vandamál dagsins í dag þannig að þau verði ekki að draugum morgundagsins. Var þá ekki bara gott að ég klikkaðist?

En málið er ekki svona einfalt. Ég er ekki einn í henni veröld. Nemendur mínir fengu drjúgan skammt af rugli og óþægindum; nokkuð sem ég hefði feginn viljað losa þá við. Í þunglyndinu var ég mjög slakur kennari og því var auðvelt fyrir nemendur mína að gefa mér umsögnina: „Hvernig getur nokkur maður verið svona leiðinlegur?“ Það var ekki erfitt fyrir mig að vinna úr því; fyrst ég var á botninum þá hlutu næstu skref að vera uppávið. Þegar ég var í uppsveiflunni gengu kátlegar sögur af uppátækjum mínum um ganga skólans. En það var bara af því góða – svona smátýra í skammdeginu.

Þetta voru samt smámunir miðað við það sem mínir nánustu máttu þola. Það var erfitt að koma í vinnuna eftir stóru sveiflurnar. En það var miklu, miklu erfiðara að koma heim til þeirra sem manni þótti vænst um. Sárin sem ég veitti þeim voru þess eðlis að konurnar mínar þrjár hefðu ekki síður þurft að fá aðstoð frá sérmenntuðu fólki til að græða þau.

Í dag farnast mér vel af því að nú stend ég vaktina sjálfur.

Hallgrímur Hróðmarsson